



## 49. Körfuknattleiksping KKI Sauðárkróki 6.-7. maí 2011

### Dagskrá Körfuknattleikspingsins

1. Pingsetning.
2. Kosning starfsmanna:
  - a) Kosning kjörbréfanefndar
  - b) Kosning fyrsta og annars þingforseta
  - c) Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
  - a) Fjárhagsnefnd
  - b) Laga- og leikreglnanefnd
  - c) AllsherjarnefndNefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.
9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns.
12. Kosning sex meðstjórnenda og þriggja manna varastjórn.
13. Kosning sex manna í aga og úrskurðarnefnd KKI.
14. Kosning þriggja manna í Áfrýjunardómstól KKI og þriggja til vara.
15. Kosning tveggja endurskoðenda.
16. Kosning fulltrúa á Íþróttaping.
17. Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.
18. Pingslit

## Föstudagur 6. maí

### **Pingsetning:**

Hannes Sigurbjörn Jónsson bauð alla velkomna á Sauðárkrók. Hannes sagði að sín ræða kæmi undir liðnum Skýrsla fráfarandi stjórnar. Hannes les upp þær tillögur til samþykktar um starfsmenn þingsins og eru þeir samþykktir.

### **Kosning starfsmanna:**

#### **a) Kosning fyrsta og annars þingforseta:**

Halldór Halldórsson og Pétur Hrafn Sigurðsson.

#### **b) Kosning fyrsta og annars þingritara:**

Kristinn Geir Pálsson og Stefán Þór Borgþórsson.

#### **c) Kosning kjörbréfanefndar:**

Póra Melsted formaður nefndarinnar, Magnús Andri Hjaltason og Sara Pálmadóttir.

Kjörbréfanefnd tekur strax til starfa og safnar saman kjörbréfum og fer í gegnum þau og telur gild atkvæði á þinginu.

Halldór Halldórsson tekur við stjórn þingsins og býður alla velkomna og á þingið í Skagafirði þetta árið og fer yfir dagskrá þingsins og ber upp tillögur um starfsmenn nefnda:

### **Kosning fastra nefnda:**

#### **a) Allsherjarnefnd:**

Guðmundur Sigurbergsson formaður, Kári Þorleifsson og Böðvar Guðjónsson.

#### **b) Laga- og leikreglanefnd:**

Þorsteinn Þorbergsson, Guðríður Aandegard og Ingi Ólafsson.

#### **c) Fjárhagsnefnd:**

Helgi Sigmundsson, Gunnlaugur Sighvatsson og Samúel Guðmundsson.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og er sá fyrsti í hverri nefnd formaður viðkomandi nefndar.

### **Fráfarandi stjórn gefur skýrslu:**

Hannes Sigurbjörn Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar.

### *Pingforseti , ágætu félagar*

*Þar sem ársskýrslan var send í upphafi vikunnar til ykkar og hún er aðgengileg á heimasíðu okkar þá mun ég ekki fara yfir hana hér lið fyrir lið en hvet ég ykkur að lesa það sem þar kemur fram ef þið hafið ekki gert það nú þegar.*

*Eins og rædd var á þingi okkar 2009 var ljóst að fara þyrfti alvarlega yfir fjármál sambandsins og þá sérstaklega útgjöldin til þess að koma fjármálunum í betri farveg. Ljóst var vegna efnahagsástandins að erfitt yrði að ná í aukningu á tekjuhlíðinni.*

*Einn af kostnaðarsömustu útgjaldaliðum sambandsins er þátttaka í Evrópukeppnum, það eru ferðalögin sem keppnunum fylgja sem og að taka á móti mótherjum okkar hér heima. Þessi kostnaður hefur tvöfaldast frá 2008 án þess að styrkir hafi hækkað - þeir hafa frekar lækkað.*

*Stjórn KKÍ leit á það sem ábyrgðaleyfi eins og staðan var þá að skuldbinda sambandið í enn frekari fjárhagsskuldbindingar með því að senda A-lið karla og*

*kvenna í Evrópukeppni sem spannar tvö ár það eru haustin 2010 og 2011.*

*Þessi ákvörðun stjórnarinnar var langt frá því að vera auðveld og er ég stoltur af félögum mínum í stjórninni að hafa haft þor til að taka svona ákvörðun. Ég tel að reikningar sambandsins sem fylgja ársskýrslunni núna hafi sýnt að rétt ákvörðun var tekin.*

*Starfsemi KKÍ hefur farið ört vaxandi á síðustu 10 til 15 árum og var orðið nauðsynlegt að fara vel yfir alla starfsemi sambandsins og körfuknattleikshreyfingarinnar.*

*KKÍ í dag er eitt af stærri sérsamböndum ÍSÍ, heldur úti eina stærsta móthaldi sem fram hér á landi, stendur fyrir öflugum og umfangsmiklu afreksstarfi ásamt mörgum öðrum verkefnum.*

*Stjórn og starfsmenn hafa haldið nokkra starfsdaga þar sem farið er vítt og breitt yfir starfsemina. Sú stjórn sem mun taka við hér á þessu þingi þarf að halda áfram þessari vinnu. Búið er að setja fram markmið til 2016 og fylgja þau markmið með hér í ársskýrslunni.*

*Til þess að halda úti öflugum afreksstarfi þarf fjármagn. Það er öllum ljóst sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar að ríkisvaldið styður ekki við afreksstarf íþróttahreyfingaringarinnar nema að örlitlu leyti.*

*Innan ÍSÍ eru 27 sérsambönd og fyrir þessi sérsambönd greiðir ríkisvaldið 24,7 milljónir í afrekssjóð ÍSÍ á þessu ári - það sjá allir að þetta er ansi lélegt - ég hef orðað það þannig að þetta sé dónaskapur af hálfu ríkisins í garð afreksstarfins okkar.*

*Ég kalla eftir því að núverandi ríkisstjórn og ráðherra íþróttamála hækki framlag í afrekssjóð ÍSÍ um hið minnsta 100 milljónir á næstu fjárlögum og að stefnt verði að því að árið 2014 verði framlag ríkisvaldsins til afrekssjóðs ÍSÍ ekki undir 200 milljónum miðað við núgildandi verðlag.*

*KKÍ hefur haldið úti öflugum og myndarlegum afreksstarfi undanfarin ár og mun gera svo áfram. Farið hefur verið vel yfir afreksstarfið frá ýmsum hliðum og til dæmis liggur tillaga hér fyrir þinginu að setja allt afreksstarfið í eina nefnd sem hefur yfirumsjón með öllum afreksstarfinu. Það verður töluverð vinna á næstu mánuðum að halda áfram stefnumótun í afreksstarfinu.*

*Við þurfum að huga vel að rekstri sambandsins á næstunni og passa uppá að sambandið verði ekki aftur jafn skuldsett og það var orðið fyrir nokkrum árum.*

*Við þurfum að fá að fleiri samstarfsaðila að starfi sambandsins til að geta haldið áfram uppbygginu á afreksstarfinu og kynningarmálum okkar og mun verða lögð mikil áhersla á það á næstu mánuðum að fá fleiri samstarfsaðila til liðs við okkur.*

*Haustið 2009 var tilkynnt um framboð Ólafs Rafnssonar til forseta FIBA-Europe. Ólafur var kosinn forseti FIBA Europe um miðjan maí á síðasta ári. Enginn Íslendingur hefur gegnt forystuhlutverki í eins stórra alþjóðlegri hreyfingu sem FIBA Europe er.*

*Stjórn ákvað að skipa afmælisnefnd vegna 50 ára afmælis KKÍ og hélt nefndin sinn fyrsta fund föstudaginn 29. janúar 2010 á 49 ára afmæli sambandsins.*

Afmælisnefndin er skipuð þeim Kolbeini Pálssyni sem er formaður nefndarinnar, Ríkharði Hrafnkelssyni og Gunnari Þorvarðarsyni.

Afmælisárið hófst formlega á sjálfan afmælisdaginn með fjölskyldu- og körfuboltadegi í Smáralind. Dagurinn í Smáralind tókst mjög vel þar sem nokkur þúsund manns komu. Sérstaklega var gaman að sjá hversu margir „eldri“ körfuboltamenn litu við.

Í tilefni af afmælinu var ákveðið að hafa happdrætti tengt afmælinu þar sem félögin myndu selja miðana í gegnum sitt net. Miðaverð var 1000 krónur og fengu félögin 400 kr fyrir hvern seldan miða.

Því miður þá nýttu félögin sér þetta illa þannig að hvorki KKÍ né félögin fá mikinn pening út úr happdrættinu - en búið er að prufa þetta og nú vitum við að fjáröflun sem þessi er ekki góð fyrir hreyfinguna.

Í tilefni af 50 ára afmæli KKÍ heimsótti forseti FIBA World Yvan Mainini Ísland um síðustu helgi. Mainini fundaði með stjórn og starfsmönnum KKÍ, heimsótti æfingabúðir hávaxinna leikmanna og var viðstaddur afmælis- og lokahófið.

Það er mikill heiður fyrir íslenskan körfubolta að hafa fengið æðsta mann körfuboltamála í heiminum hingað í heimsókn.

Mainini lýsti yfir mikilli ánægju sinni og FIBA með það starf sem fram fer í körfuboltanum hér á Íslandi og hversu mikið Ísland hefði tekið þátt í starfsemi alþjóðakörfuboltans.

Körfuboltinn hefur vaxið jafnt og þétt á þessum 50 árum sem hafa liðið frá stofnun KKÍ og unnið hefur verið gott starf hringinn í kringum landið til að breiða út áhuga á körfuboltanum.

Nú er svo komið að körfuboltinn er önnur útbreiddasta íþróttagrein landsins samkvæmt tölum frá ÍSÍ en körfuboltinn stundaður í 24 af 25 íþróttahéruðum á Íslandi.

Við þurfum að huga vel að fræðslustarfinu okkar á næstunni og mun ég leggja á það áherslu fljótlega eftir að ný stjórn hefur tekið við - verði þá farið í mun skipulagðari og betri vinnu í fræðslumálum okkar.

Framundan er starfsamt þing þar sem margar tillögur liggja fyrir þinginu að þessu sinni - margar af þeim tillögum sem hér liggja fyrir varða málefni sem mikið hefur verið rætt um á undanförunum árum. Þingið er rétti vettvangurinn til ræða þessi mál og taka ákvörðun með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Að lokum langar mig að þakka stjórnarmönnum, starfsmönnum og nefndarmönnum KKÍ fyrir þeirra góðu störf og þann mikla tíma sem þau inna af hendi til að halda úti því mikla starfi sem fram fer á vegum KKÍ.

Jafnframt langar mig kæru þingfulltrúar að þakka ykkur og öllum sem starfa við körfuboltann hringinn í kringum landið fyrir ykkar miklu störf í ykkar félögum sem unninn eru í sjálfboðavinnu dag eftir dag fyrir oft litlar eða engar þakkir - ég er stoltur og glaður með ykkar frábæru störf.

Höldum áfram að gera veg körfuboltans sem mestan og bestan!  
Hannes S. Jónsson formaður KKÍ

**Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar:**

Eyjólfur gjaldkeri fer yfir reikninga sambandsins.

Þorsteinn spurði út í hækkun dómarakostnaðar og vaxtagjalda.

Þór Akureyri spurði um tekjur KKÍ af erlendum leikmönnum.

Reikningar sambandsins samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

**Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlunir fyrir næsta ár:**

Reikningar bornir undir atkvæði og þeir samþykktir formlega.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram og er hluti af þingtillögum og fær númerið 28.

Halldór fer yfir tillögurnar og þær númeraðar.

**Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar og aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar:**

Þingforseti vísaði þingtillögum í nefndir.

Þingskjal nr. 1 til laganefndar

Þingskjal nr. 2 til laganefndar

Þingskjal nr. 3 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 4 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 5 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 6 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 7 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 8 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 9 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 10 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 11 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 12 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 13 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 14 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 15 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 16 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 17 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 18 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 19 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 20 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 21 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 22 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 23 til laganefndar

Þingskjal nr. 24 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 25 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 26 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 27 til alsherjarnefndar

Þingskjal nr. 28 til fjárhagsnefndar

Halldór tilkynnir svo að Þóra, formaður kjörbréfanefndar tilkynni niðurstöður nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd gerði grein fyrir störfum sínum. Þóra formaður nefndarinnar kynnti talningu kjörbréfa og las upp nöfn þingfulltrúa og hverjir voru með umboð. ?? fulltrúar á kjörbréfum eru skráðir til þings af þeim 169 sem áttu rétt til setu. Fulltrúar koma frá 10

héraðssamböndum af þeim 24 sem eiga rétt til að senda fulltrúa. Kjörbréfanefnd lagði til að þessi kjörbréf yrðu samþykkt sem var gert samhljóma.

### **Pingfulltrúar og umboð**

Engin frá Hrafnaflóka, eitt kom Bolungarvík, þrír frá Snæfells-og Hnappadalssýslu með tvö umboð. Skarphéðinn með 7 fulltrúa og 7 umboð, Strandamenn enginn, Vestfirðingar tveir mættir og með tvö umboð, enginn úr Pingeyjarsýslu né frá Akranesi, þrír Akureyringar munu mæta með sín kjörbréf sem gleymdust, ÍBH 5 fulltrúar með 4 umboð, ÍBR 14 mættir með 3 umboð, Vestmannaeyjar enginn, 8 frá Reykjanesbæ með fimm umboð, ÍS eru 6 með 5 umboð, Dalamenn enginn, Austurland enginn, bárust kjörbréf í hús fyrir tvo sem von var á, Borgarnes 2, Eyfirðingar enginn, UMSK 6 og 3 umboð, Skagafjörður 2 og 3 umboð, samtals fimm atkvæði, Austur-Húnavetningar enginn, Úlfjótur enginn, Vestur-Húnavetningar, Vestur-Skaftfellingar enginn, Fjallabyggð enginn. Samtals 73 atkvæði.

### **ÍBR**

Steinar Davíðsson	Fjölínir
Málfríður Sigurhansdóttir	Fjölínir
Hjalti Vilhjálmsson	Fjölínir
Karl West Karlsson	Fjölínir
Ingi Ólafsson	Fjölínir
Örvar Kristjánsson	Fjölínir
Ester Alda Sæmundsdóttir	Fjölínir
Eva María Emilsdóttir	Fjölínir
Böðvar Guðjónsson	KR
Páll Kolbeinsson	KR/KKÍ
Guðmundur Thor Magnússon	KR
Axel Óskarsson	KR
Gunnar Gunnarsson	ÍR
Gunnar Sverrisson	ÍR
Pétur Hólmsteinsson	ÍR

### **ÍBH**

Samúel Guðmundsson	Haukar
Magnús Ingi Óskarsson	Haukar
Henning Henningsson	Haukar
Sara Pálmadóttir	Haukar
Sigurður Freyr Árnason	Haukar
Gísli Guðlaugsson	Haukar

### **HSV**

Guðjón Þorsteinsson	KFÍ/KKÍ
Helgi Sigmundsson	KFÍ
Ingólfur Þorleifsson	KFÍ
Óðinn Gestsson	KFÍ

### **UMSB**

Jóhann Waage	Skallagrímur
Guðni Eiríkur Guðmundsson	Skallagrímur

### **UMSK**

Guðmundur Sigurbergsson	Breiðablik
Hákon Gunnarsson	Breiðablik
Helen Guðjónsdóttir	Breiðablik
Pétur Hrafn Sigurðsson	Breiðablik
Þorsteinn Þorbergsson	Stjarnan

**HSK**

Lárus Ingi Friðfinnsson	Hamar/KKÍ
Daði Steinn Arnarson	Hamar
Benedikt Guðmundsson	Pór Þ
Eiríkur Jónsson	Pór Þ
Baldur Þór Ragnarsson	Pór Þ
Berglind Markúsdóttir	Pór Þ
Oddur Benediktsson	Laugdælir

**UÍA**

Porvaldur Viggó Skúlason	Höttur
Viðar Örn Hafsteinsson	Höttur

**ÍBA**

Kári Þorleifsson	Pór Ak
Ómar Aspar	Pór Ak
Rúnar Haukur Ingimarsson	Pór Ak

**ÍS**

Magnús Andri Hjaltason	Grindavík
Eyjólfur Þór Guðlaugsson	Grindavík/KKÍ
Bryndís Gunnlaugsdóttir	Grindavík/KKÍ
Sigrún Guðný Jónsdóttir	Grindavík
Guðmundur Bragason	Grindavík
Hjörtfríður Jónsdóttir	Grindavík
Ellert Magnússon	Grindavík

**ÍRB**

Alexander Ragnarsson	Njarðvík
Sigfús Aðalsteinsson	Njarðvík
Jón Ben Einarsson	Keflavík
Einar Einarsson	Keflavík
Tryggvi Bragason	Keflavík
Birgir Bragson	Keflavík
Guðsveinn Ólafur Gestsson	Keflavík
Gunnar Jóhannsson	Keflavík

**HSH**

Davíð Sveinsson	Snæfell
Einar Þorvarðarson	Snæfell
???	Snæfell

**UMSS**

Rúnar Birgir Gíslason	Tindastóll
Gunnlaugur Sighvatsson	Tindastóll
Geir Eyjólfsson	Tindastóll
Hólmfríður Sveinsdóttir	Tindastóll
Ásmundur Baldvinsson	Tindastóll
Halldór Halldórsson	Tindastóll

**USÚ**

Skúli Þórarinnsson	Sindri
--------------------	--------

**KKÍ**

Hannes S. Jónsson	KKÍ
Guðbjörg Norðfjörð	KKÍ
Fríðrik Ingi Rúnarsson	KKÍ

Kristinn Geir Pálsson	KKÍ
Póra Melsted	KKÍ
Stefán Þór Borgþórsson	KKÍ
Erlingur Hannesson	KKÍ

Póra Melsted, formaður Kjörnefndar kynnir þá sem bjóða sig fram til stjórnar. Fulltrúar kynna sig í stafrófsröð og þeir fá að koma upp og kynna sig fyrri upphaf kosninganna.

**Birgir Már Bragason**  
**Bryndís Gunnlaugsdóttir**  
**Erlingur Hannesson**  
**Eyjólfur Guðlaugsson**  
**Guðbjörg Norðfjörð**  
**Guðjón Þorsteinsson**  
**Jóhann Waage**  
**Lárus Ingi Friðfinnson**  
**Páll Kolbeinsson**  
**Rúnar Birgir Gíslason**

Pétur Hrafn Sigurðsson mælir fyrir hönd Guðjóns Guðmundssonar í varastjórn sem var erlendis.

Hannes S. Jónsson er einn í kjöri til formanns og mun því ekki kynna sig í kjörinu.

Halldór tilkynnir að styttest í matarhlé og að þingið væri langt á undan áætlun sem væri gott og þeim loknum verði farið í nefndarstörf. Halldór býður gestum á dægurlagakeppni í kvöld sem haldin er í Sæluviku en ekki fyrr en að vinnu lokinni í nefndum og fer forseti fram á skilvirk nefndarstörf. Halldór tilkynnir hvar nefndir munu starfa í húsinu.

Fjárhagsnefnd ætlar að ljúka störfum fyrir mat. Þar er tillaga um fjárhagsáætlun næstu ára samþykkt.

**18:30** - PINGHLÉ, matarhlé og nefndir taka til starfa og ræða tillögur.

**23.35** - Þingstörfum í nefndum lokið



## **Laugardagur 7. maí kl. 10:00**

Pingforseti setti þingið að nýju kl. 10:10 og gaf HSJ orðið áður en gengið var til dagskrár.

### ***Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær:***

Pingforseti leitaði eftir leyfi þingsins um að ganga til kosninga áður en tillögur allsherjarnefndar fari til umfjöllunar. Þetta er gert til þess að kjörnefnd fái tíma til að telja atkvæði á meðan þingið fjallar um tillögur allsherjarnefndar og flýta þannig fyrir lokum þingsins. Enginn hreyfði mótmælum og því voru kjörgögn afhent og kosning fór fram enda ekki hægt að hefja kosningar áður en kjörbréfanefnd hefur lokið störfum. Halldór tilkynnir nýjungar á þessu þingi að breytingartillögur eru ekki prentaðar út eins og áður heldur varpað upp á skjáinn. Pingforseti setur formlega þingið að nýju.

### ***Ræða Hafsteins Pálssonar, stjórnarmanns ÍSÍ:***

Hafsteinn heldur ræðu, byrjar á að flytja kveðjur frá forseta ÍSÍ, stjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Hafsteinn hrósar KKÍ eftir að hafa lesið ársskýrsluna með gott starf og jákvæða afkomu ársreikninga. Minnst á að íþróttir eru alþýðumenning og forvarnarstar, og að starfið snúist ekki eingöngu um afrek. Hann hvetur KKÍ og ÍSÍ og hvetur hreyfinguna til dáða.

Að lokum sæmir Hafsteinn þau Eyjólf Guðlaugsson og Guðbjörgu Norðfjörð silfurmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Halldór byður þingið um að samþykkja breytingu á dagskrá og biður um að ljúka kosningu stjórnarmanna sem er samþykkt með þorra atkvæða. Þóra kemur upp fyrir hönd kjörbréfanefndar og fer yfir hvert umboð fyrir sig og tilkynnir að atkvæði séu 97. talsins, en talan í gær var ekki rétt lögð saman. Þóra mun lesa upp gjaldgenga fulltrúa í kosningunni og munu atkvæðaseðlar vera afhendir um leið og fulltrúar eru lesnir upp.

### **Bolungarvík**

Hermann Óskarsson með umboð fyrir Sturlu Stígsson.

### **HSH**

Davíð Sveinsson með umboð fyrir Gunnar Svanlaugsson, Einar Þorvarðarson með fyrir Hermund Pálsson og Rafn Jóhannsson, með samtals 5 atkvæði.

### **HSK**

Daði Steinn Arnarson með umboð fyrir Dúfu Dröfn, Oddur Benediktsson með umboð fyrir Sóleyju Guðjónsdóttur, Guðríður Aandergard með umboð fyrir Hildigunni Hjörleifsdóttur, Lárus Ingi Friðfinnsson með umboð fyrir Engilberg Olgeirsson, Benedikt Guðmundsson með Jóhönnu Hjartardóttur, Eiríkur Jónsson með umboð fyrir Baldur Þór Ragnarsson og fyrir Ágúst Örn Grétarsson með umboð fyrir Ragnar Sigurðsson, samtals 14 atkvæði en vantar einn með tvö umboð sem gerir 12.

### **HSV**

Guðjón Þorsteinsson með umboð fyrir Sævar Óskarsson og Helgi Sigmundsson með umboð fyrir Guðna Guðnason, samtals 4

### **ÍBH**

Samúel Guðmundsson með fyrir Halldóru G. Helgadóttur, Sigurður Freyr Arnarsson með umboð fyrir Reyni Kristjánsson, Magnús Ingi Óskarsson með fyrir Soffíu Helgasdóttur og Henning Henningsson með fyrir Ásu Karen Hólm og Sara Pálmadóttir, samtals 9.

**ÍBR**

Steinar Davíðsson með fyrir Málfríði Sigurhansdóttur, Hjalti Vilhjálmsson, Ingi Ólafsson, Karl West Karlsson, Örvar Kristjánsson, Ester Alda Sæmundsdóttir, Eva María Emilsdóttir, Böðvar Guðjónsson með fyrir Hrafnhildi Hebu Júlíusdóttur, Páll Kolbeinsson, Guðmundur Þór Magnússon með fyrir Jófríði Halldórsdóttur, Gunnar Gunnarsson með fyrir Hjálmar Sigurþórsson, Pétur Hólmsteinsson með fyrir Þorsteinn R. Garðarsson, Hrafn Kristjánsson og Gunnar Sverrisson, samtals 20.

**ÍRB**

Alexander Ragnarsson með fyrir Einar Árna Jóhannsson, Erlingur Hannesson með fyrir Davíð Pál Viðarson, Sigfús með fyrir Ægir Örn Gunnarsson, Birgir Már Bragason með umboð frá Sveini Björnsyni, Ólafur Gestsson, Tryggvi Þór Bragason, Einar Einarsson, Jón Ben Einarsson með fyrir Margeir Margeirsson, samtals 13.

**ÍS**

Magnús Andri Hjaltason með fyrir Svein P. Steingrímsson, Eyjólfur Þór Guðlaugsson fyrir Jóhann P. Ólafsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir með fyrri Unndór Sigurðsson, Sigrún Jónsdóttir með fyrir Benóný Harðarson. Hjört Friðjónsdóttur með fyrir Gíu Eyjólfsdóttur, Ellert Magnússon, samtals 11.

**UMSB**

Jóhann Waage og Guðni Eiríkur Guðmundsson, 2 atkvæði.

**UMSK**

Guðmundur Sigurbergsson með fyrir Sigríðu Jónínu Helgadóttur, Pétur Hrafn Sigurðsson með fyrir Stefán Jóhannsson, Hákon Gunnarsson með fyrir Helen Guðjónsdóttur, Þorsteinn Þorbergsson með fyrir Pál Grétarsson, samtals 8.

**UMSS**

Halldór Halldórsson fyrir Hólmfríði Sveinsdóttur og Rúnar Birgir Gíslason með fyrir Geir Eyjólfsson og Gunnlaugur Sighvatsson, samtals 5.

**ÍBA og UMSE**

Kári Þorleifsson með fyrir Ingvar P. Jóhannsson, Ómar Aspar með fyrir Jónas Pétursson, Eiríkur Sigurðsson, samtals 5.

Þá telur Þóra að niðurstaðan sé 98 atkvæði eftir að einhverjir hefðu bæst við. Þá hefur Kjörbréfanefnd og kjörnefnd tekið við.

Þá eru kosningaseðlar komnir til þeirra sem kjósa og valdir eru 6 af þeim 10 frambjóðendum sem eru í kjöri og talningamenn fara þá í að telja atkvæðin.

### **Umræður um tillögur fjárhagsnefndar:**

#### **ÞINGSKJAL 28 · Fjárhagsáætlun næsta árs**

- Þingheimur gengur til starfa og kýs í stjórn. Hannes S. Jónsson er kjörin einróma formaður að nýju með dynjandi lófataki. Kjörnefnd tekur til starfa við að telja atkvæði á meðan Fjárhagsáætlunartillaga er borin upp til samþykktar.

Helgi Sigmundsson fer yfir helstu þætti og greinir frá punktum nefndarinnar. Aðrar tekjur, undir þeim lið eru félagaskipti, ferðakostnaður dómara og sektarliður. Félagaskiptin eru umtalsverð og tillaga stjórnar um að hækka gjöld félagaskipta. Helgi leggur til að tillagan verði samþykkt.

- Guðjón beinir til þingsheims um að taka þátt í happdrættinu og að 40% seldra miða renni beint til félaganna og þannig hjálpi félögin sér sjálf og KKÍ um leið.
- Þorsteinn ánægður með góð störf á fjármálahliðinni hjá sambandinu en ítrekar að greiða upp skammtímaskuldir sem fyrst til að losna við vaxtagjöld. Janframt talar um að verið sé að auka auknar álögur á félögin ásamt fleirum tillögum sem síðar koma eins og að auka gjöld v/ félagaskipta en jafnframt að fækka útlendingum sem kæmi á móti ef fram nær að ganga.
- Eyjólfur fer yfir að þetta er varlega áætlað og miðað við síðasta ár ætti þetta að aukast til muna, það er tekjur fyrir félagaskipti erlendra leikmanna. Er að vinna í yfirdrættinum, en minnir á skuldir félaganna var á móti 8 milljónir á meðan yfirdráttur er í banka, sem er þá ekkert annað en lán til félaganna.
- Jón Ben hissa á stórri aukningu félagaskiptagjalds og leggur til 100 þús. kr gjaldi í stað 150 þús. Leggur til breytingartillögu um að þetta verði 100 þús. á leikmann. Halldór ber upp fjárhagsnefndartillögunu.

Samþykkt, með breytingum frá Jóni Ben að félagaskiptagjald erlends leikmanns verði 100 þúsund með meirihluta atkvæða.

Halldór býður formann Laga- og leikreglanefnd um að koma upp og flytja sínar tillögur.

### **Umræður um tillögur laganeftdar:**

#### **ÞINGSKJAL 1. Breytingar á lögum KKÍ**

- Þorsteinn formaður nefndarinnar fer yfir störf nefndarinnar. Þrjú þingskjöl til umfjöllunar (1, 2 og 23) og fer yfir þær breytingar sem nefndin lagfærði.
- Í 5. gr flytur atkvæðarétt til félaganna sjálfra en Héraðssambönd fá einn fulltrúa á þing, 6. gr. fjallar um skil á kjörbréfum og 10. gr. um breytingu á nefndum sem KKÍ skipar.
- Pétur Hrafn spyr um 6. grein, ef búið er að senda inn kjörbréf inn, er þá hægt að breyta nöfnum, t.d í tilfelli ef menn veikjast. Ef ekki hægt að breyta þá finnst honum það slæmt en ef það á að vera hægt að breyta, afhveru þarf þá að senda fyrir upphaf þings, hver er tilgangurinn.
- Pétur setur einnig fram breytingartillögur að það verði umfram hverja 100 verði það 50 eða brot úr 50 áfram en ekki 100. Þannig að lítil deild með 15 iðkendum

fái 2 fulltrúa en meðalstór deild með 199 fái aðeins 3 fulltrúa og deild með 299 fái 4 fulltrúa upp á jafnvægið. Finnst þetta svolítið mikil lækkun fulltrúa.

- Þorsteinn skýrir þessar spurningar og er með breytingartillögu ofan á þessa tillögu. Þorsteinn styður tillögu frá Pétri: Heimilt er að breyta nafni þingfulltrúa á kjörbréfi á þingstað en ekki fjölda þingfulltrúa. (er felld síðar).
- Magnús setur fram breytingartillögu á 6. grein: Félögum er heimilt að skila kjörbréfum rafrænt með tölvupósti. (er samþykkt síðar í kosningu um skjalið). Magnúsi finnst einnig breytingar á 5. gr. vanhugsáðar og að ekki séu ljós áhrifin af því og leggur til að þær verði felldar og sleppt og undirbúið betur fyrir næsta þing.
- Bryndís talar um kjörbréfin. Það gangi ekki upp að ef formaður kvittar á bréf miðað við ákveðna fulltrúa, hvað gerist þá ef hann kemst ekki á þingið og þar er bréfinu breytt án hans vitundar, þá er tilganginum tapað með undirskrift formanns ef hver sem er getur á endanum verið í forsvari félags og kosið. Minnr á að með vikufyrirvara skilum á þessu og varamönnum þá er verið að koma í veg fyrir það. Varamenn eru til að koma í veg fyrir þetta. Umboð getur verið orðað þannig að það færist til þess sem tekur sæti viðkomandi á þinginu og býðst hún til þess að breyta þessu fyrir stjórn KKÍ. Að skipuleggja þing án þess að vita hverjir mæta eða hvenær er mjög erfitt og varamenn taka sæti aðalmanna forfallist þeir. Varamenn taka réttilega sæti aðalmanna á þingi. Leggur til að tillaga Péturs um kjörbréf verði felld.
- Bryndís vill fella út tillögur um breytingar á breytingum á kjörbréfum og breyta því að hægt sé að tilnefnda varamenn og fulltrúa fyrir þá forfallist þeir. Hún býðst til að seta þetta upp fyrir stjórn KKÍ.
- Hafsteinn ÍSÍ talar um orðalag í 20. gr. „sé hann haldinn“ í samhengi við aðalfundi en honum finnst þetta stinga í augu. Minnr á að það hafi verið rætt innan ÍSÍ að farið verði yfir hvernig sambönd, félög og deildir starfi. Segir að sé verið að skoða hvort setja eigi grunnreglur um hvernig skulu reka íþróttafélaga og hvernig stjórnsýsla þeirra fari fram.
- Þorsteinn tekur undir athugasemdir Hafsteins og fer yfir endanlega breytingartillögu og hvernig þetta mun þá líta út eftir umræður og hvernig umræðan var hugsað. Sú tillaga sem gengur lengst er sú að fyrsta málsgrein breytist ekki.
- Tillaga um að halda fjölda iðkenda áfram verði áfram 100 og brot úr 50 á eftir því. Breytingu á fyrstu málgreininni um að hún verði óbreytt eða felld:  
  
Samþykkt með öllum þorra atkvæða gegn 6. (breytt í 50 umfram 100) í fyrstu málsgrein á 5. grein.
- Tillaga frá Pétri í 3 málsgrein 6. greinar um að Heimilt er að breyta nafni þingfulltrúa á bréfi á þingstað en ekki fjölda þingfulltrúa borin upp og meirihluti á móti og hún felld.
- Tillaga frá Magnúsi: Félögum er heimilt að skila kjörbréfum rafrænt með tölvupósti. er samþykkt með nánast öllum greiddum atkvæðum.

Eftir þetta þingskjal er gert hlé og Þóra kemur upp og tilkynnir niðurstöðu kosninganna í stjórn.

95 atkvæðaseðlar taldi og varð röðun þeirra þannig í röð eftir fjöla atkvæða:

**93** Guðbjörg Norðfjörð  
**91** Eyjólfur Þór Guðlaugsson  
**75** Páll Kolbeinsson  
**65** Rúnar Birgir Gíslason  
**64** Lárus Ingi Friðfinnsson  
**50** Erlingur Hannesson

Þessir 6 því réttkjörnir í aðalstjórn KKÍ og þeim klappað lof í lófa. Því næst er óskað eftir frambjóðendum í varastjórn.

Guðjón Guðmundsson var í framboði og Jóhann Waage hafði boðið sig fram í varastjórn til vara. Aðrir eru beðnir um að leggja fram framboð sín.

Þorsteinn heldur áfram að fjalla um tillögur nefndarinnar.

## **ÞINGSKJAL 2. Um niðurfellingur nefndar og breytingar á nýjum**

- Þorsteinn leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt með öllum atkvæðum, enginn er á móti.

## **ÞINGSKJAL 23. Regluerð um aga- og úrskurðanefnd**

- Þorsteinn fer yfir breytingar í þessar. Það er verið að lagfæra og gera betur. Þorsteinn biður Hannes um að gera grein fyrir hverjir vilja breyta þessu en það eru Aga- og úrskurðanefnd og Dómaranefnd sem unnu þessar breytingar til að gera skýrari línu, auðvelda að vinna eftir þeim og orðalagsbreytingar. Þannig að nefndirnar hafa ákveðin ramma. Bæta við í sambandi við tvær tæknivillur sem er sér íslenskt. Grein b) fjallar um þjálfarann og efnislega gerði nefndin enga breytingu. Þú er að endurnúmera alla töluliði frá ákveðnum punkti og laga númer.
- Í 9. grein á að fella út "Heimilt er að krefjast ..." sem var þú er að bæta við. Ástæðan fyrir því er sú að menn gætu haldið áfram málarekstrinum og að úrskurðir nefndarinnar yrðu ekki varanlegir. Hreinlegast að hafa þetta ekki þarna inni. Í 10. töluliði um úrskurði.
- Formaður leggur þetta til þingsins með þessum breytingum. HH tekur til máls og telur þessar nokkrar breytingar smávægilegar en góðar.
- Halldór lagði til orðalagsbreytingar varðandi 18. og 19. greinar á lyfjaeftirliti og refsingu. Magnús kemur með athugasemd varðandi 13. grein með fjögurra leikja bann bætt við fyrir aftan þriggja í samræmi við það sem er á undan. Magnús spyr einnig hvort hægt sé að koma við klausu um víkkun á refsiramma sem Þorsteinn segir að sé fyrir inni.
- Magnús Óskarsson kemur með fyrirspurn um atvik utan vallar sé ekki vísað af velli og Þorsteinn bendir á nýja 14. gr. sem

Þú er að til samþykktar með þessum breytingum sem er gert með öllum greiddum atkvæðum og Halldór þakkar Laga- og leikreglanefnd fyrir störf

sín. Halldór gefur Guðmundi sviðið fyrir Alsherjarnefndartillögur sem eru 25 talsins.

Guðmundur tekur við fyrir hönd Alsherjarnefndar.

**ÞINGSKJAL 6. um sérgjald sem renni til yngri landsliða v/ erlendra leikmanna**

- Guðmundur leggur til að þetta hafi verði felt þar sem búið var að samþykkja aðrar breytingar áður um hækkun gjalda í fjárhagsáætlun. Leikheimildargjald erlendra leikmanna verður 100.000 skv. því sem var samþykkt þá. Felld með öllum greiddum atkvæðum.

**ÞINGSKJAL 27. um nokkrar geinar**

- Guðmundur leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt sem er gert.

**ÞINGSKJAL 20.** Tillaga um reglugerð körfuknattleiks MB11 ára drengja.

**ÞINGSKJAL 21.** Sama fyrir MB11 ára stúlkna.

- Þessi tvö skjöl eru afgreidd saman. Guðmundur sagði þetta hafa fengið ítarlega umræðu í gærkvöldi í nefndinni.
- Breytingartillaga 20a. Verður afgreitt með skjali 21.
- Stefán Þór útskýrir að þetta sé bara skref til baka aftur til þess áður en reglugerðinni var breytt í Smáranum 2009. Nota 10 leikmenn í leik og þeir verði að leika í eina af fyrstu þrem en ekki fleiri en tvær.
- Jón Ben fjallar um miklar sviptingar milli þinga og segist hafa verið á móti þessu áður. Því þetta varí fínu lagi, fagnar þetta að þetta sé að fara í sama horf til baka.
- Helgi Sigmunds spyr hvort leikur tapist ef ekki eru 10 leikmenn, erfitt fyrir lið úti á landi. Fram kemur þá að undanþágur eru veittar ef þess þarf og lið uppfylla ákveðin skilyrði.

Spurt afhverju þetta gildi ekki í A-riðli það er að fá undanþágu frá KKÍ. Samþykkt á öðru þingi fyrir nokkrum árum til að verja að lið geti ekki mætt bara með 6 bestu í úrslitamótin.

20a og 21a borið upp þannig að reglan verði aftur eins og þetta var fyrir breytingu á þingi í Smáranum til samþykktar. Samþykkt einhliða.

Nú fer fram kosning í varastjórn KKÍ en Þóra les upp líkt og áður atkvæðafjölda og einn fulltrúi nálgast kjörseðla fyrir varastjórn.

**Matarhlé kl. 12.30**

Halldór setur þingið að nýju og Þóra tilkynnir niðurstöðu kosninganna í varastjórn KKÍ 2011-2013. Þrír fulltrúar kosnir og lesið upp í þeirri röð sem flest atkvæði hlutu.

**89 Guðjón Guðmundsson**  
**66 Bryndís Gunnlaugsdóttir**  
**57 Guðjón Þorsteinsson**

Guðmundur Sigurbergsson tekur aftur við sem formaður alsherjarnefndar og fer yfir þær tillögur sem ræddar voru í nefndinni í gærkvöldi.

**PINGTILLAGA 29. - Ný tillaga á þingi frá Fjölni um breytingu á 8 gr. um körfuknattleiksmót - skylda 1. deild kvenna að taka Lifandi tölfraði.**

- Ný tillaga hefur borist þinginu frá Fjölni og Halldór óskar eftir því að fá að fjalla um hana, hún borin upp fyrir þingheim. Þeir þingfulltrúar sem samþykkja að þetta verði rætt eru allir og enginn á móti.
- Bryndís Gunnlaugsdóttir minnir á að 1. deild kvenna sé miklu flottari en hún var, en setur spurnignarmerki við lið að manna þessa stöðu/starf að vera með LiveStatt á hverjum leik. Veit ekki hvort liðin væru tilbúin í það í þessari deild. Það hafi gengið erfiðlega fyrir lið í 1. deild karla sem dæmi að manna þessi störf. Hún bendir á að það sé ekkert sem stoppi liðin í að taka sína eigin tölfraði vilji þau það í kerfinu.

Talning fer fram. Þeir sem eru samþykkir eru 32 gegn 34 og tillagan því felld.

**PINGSKJAL 13. - Breyting á reglum um körfuknattleiksmót 32. grein er varðar 11. flokki karla.**

- Nefndin lagði til að þetta yrði samþykkt. Það er að það yrðu 3 leikhlé í staðin fyrir 2 þegar það er leikið eftir 4x10 min. leiktíma en leikið er 4x8 í öllum umferðum nema úrslita og bikarúrslitum.

Allir samþykkir þessari breytingu.

**PINGSKJAL 14. - Samsvarandi í Stúlknafllokki með leikhléin.**

- Allir samþykkir þessari breytingu.

**PINGSKJAL 17. - Þingsályktunartillaga. Úrslit yngri á fjórar helgar í stað tveggja**

- Tillaga um að þetta yrði felld af nefndinni.
- 3 sem eru samþykkir og á móti er þorri atkvæða og hún því felld.

**PINGSKJAL 22. - Breyting á 10. grein er varðar sektir við að mæta ekki í leik.**

- Niðurstaða nefndarinnar lagði til að þetta yrði vísað frá þar sem þetta var ekki nógu skýrt. Felld með þorra atkvæða gegn einu.

**PINGSKJAL 18. - Sameiginleg lið**

- Tillaga um að það verði ekki heimilt að senda inn sameiginleg lið. Þorsteinn kveður sér til hljóðs en nefndin lagði til að þetta yrði ekki leyfilegt. Þorsteinn sér ekkert að því að þetta sé leyfilegt og að ef lið vilji taka þátt þar sem fáir leikmenn eru að þá sé það leyfilegt og keppnishaldið verði gott. Samþykkt að fella þingskjalið með öllum atkvæðum og þar með verður ennþá leyfilegt að senda inn sameiginlegt lið.

### **ÞINGSKJAL 25. - Venstrasamningar**

- Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, verið að skerpa á orðalagi um hlutgengni leikmanna úr A-liðum félaganna.

### **ÞINGSKJAL 24. - 25. gein um B-lið kvenna**

- Viðbótar tillaga um að yfirstrikaði textinn verði inni áfram og að sama gildi fyrir B-lið karla. Samþykkt með áherslubreytingum (yfirstrikun)

### **ÞINGSKJAL 30. - B-lið karla texti bætist við**

- Tillaga frá stjórn og starfsmönnum bætt við. Að sama sé fyrir karlareglugerð eins og hér á undan, gleymdist að breyta í karla reglugerð líka eins og í kvenna og að yfirstrikaði texti í tillögu haldist inni áfram.

Samþykkt með öllum atkvæðum að taka við þingskjali 30 og að bæta við textanum í báðar reglugerðir. Samþykkt með öllum atkvæðum.

---BÆTA ÞESSU VIÐ Í REGLUGERÐ karla !!!!

### **ÞINGSKJAL 26. - Þingsályktunartillaga um að taka upp 3 dómakerfið**

- Tillaga Dómaranefndar KKÍ að taka upp 3-dómakerfið. Guðmundur tekur fram að komið hafi fram í nefndarstörfum að þetta myndi þýða hækkun á kostnaði á ári fyrir hvert félag um c.a 160 þús. kr. á Iceland Express-deildina sem dæmi. Niðurstaða nefndarinnar var að sú að þetta yrði samþykkt.
- Þorsteinn skilur að gæði dómgaeslu og gæði leikja séu svipuð og í Evrópu. Telur samt að við þurfum að horfa til stærðar umhverfis okkar. Þessi regla kallar á umtalsverð útgjöld liða. Leggur til að þessu sé vísað frá.
- Guðjón Þorsteinsson segir sína tilfinningu fyrir þessu. Talað um að þetta sé gott til að taka inn yngri dómara. Leggur til að það verði gert en að kostnaður leggist ekki á félögin, að þetta verði tekið upp sem þróunarverkefni til að taka inn nýja dómara.
- Magnús Haukum talar um kostnað sem sé verulegur og vill byrja um áramót eða eftir 2/3 móts fyrir úrslitakeppni.
- Pétur Hrafn segir þetta vera um 160 þús. kr. til 200 þús. kr. í mesta lagi hækkun á tímabili í deild og svo bætast aðrar keppnir við, með þessu fáum við fleiri og betri dómara sem berst þá niður í neðri deildir því þeir dómrar fá verkefni í 3-dómakerfinu, gæði leiks helst í hendur með góðri dómgaeslu. Benedikt Guðmunds væri til í að sjá þetta kerfi sem þjálfari, og miðað við útreikninga, að fáar athugasemdir voru við aðrar hækkanir í öðrum tillögum en margar við þessa og finnst það skjóti skökku við.
- Eyólfur fer yfir kostnað síðasta árs af dómarakostnaði sem var 7 milljónir og þetta yrði 30% hækkun milli ára. Bendir á að þetta yrði ekki val líkt og með erlenda leikmenn sem er komið undir hverju félagi hvað það gerir.
- Breytingartillaga við þetta frá Magnúsi er þannig að frá 16. umferð í deild og (síðustu 6) og frá og með 8-liða úrslitum í bikarkeppni.
- Rúnar biður um orðið vegna breytingatillöguna og segir þetta ruglandi að hafa tvö form dómara í sömu keppni, vill að þetta sé fellt og hin upprunalega



tillaga annað hvort samþykkt eða ekki. Ruglandi fyrir dómara, að þeir æfast í kerfinu og leikmenn venjast því líka, vont að breyta í lokin fyrir mestu átökin.

- Halldór tekur eftir að þetta eigi ekki við um Bikarkeppni og að breytingar tillögunni sé breytt, að þar verði ekki talað um bikarinn í henni. Þetta á bara við um efstu deild karla og kvenna. Borið upp með áðurkomnum breytingum. Þingskjal 26 er borið upp sem fjallar um að taka upp kerfið strax frá upphafi tímabils og það fer 49 gegn 34 og því fellt.

Breytingartillaga 26a um að taka upp kerfið frá og með 16 umferð felld einnig með þorra atkvæða.

#### **ÞINGSKJAL 19. - Raða dómurum á drengjaflokk**

- Allsherjarnefnd leggur til að þessu verði breytt til þingsályktunartillögu til stjórnar til skoðunar um kostnað og breytingar sem þetta hefur í för með sér.

Ber heitið 19a og vísað til Stjórnar KKÍ til umfjöllunar með öllum greiddum atkvæðum.

#### **ÞINGSKJAL 8. - Stúlknaflokkur í deildarkeppni líkt og drengjaflokkur er leikinn**

- Tillaga að þetta verði fellt en 14 samþykkt í staðin. Enginn sammála. Fellt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **ÞINGSKJAL 14. - Stúlknaflokkur - Þrjú leikhlé þegar leiktími er 4 x 10 mín.**

- Tillaga nefndar að þetta verði samþykkt - Búið að samþykkja það skv. þingforseta.

#### **ÞINGSKJAL 12. - Fjölgun í 1. deild karla í 12 lið úr 10 og fjölgun í úrslitakeppni**

- Tillaga nefndar er að þetta yrði fellt en síðan hefur borist breytingartillaga verð þetta samþykkt. Samþykkt með öllum atkvæðum að fella þingskjal 12 og því kemur breytingartillagan ekki fram.
- Breytingartillaga 12a  
Breytingartillaga ef þetta verður samþykkt að þá liggur til breytingartillag um úrslitakeppni með 8 liðum. Ekki kom til þess að kjósa um þetta.

#### **ÞINGSKJAL 11. - Fjölgun í 10-liða deild kvenna**

- Ef 11 er samþykkt þá fellur 10. Samúel frá Haukum fjallar um þessi mál og telur að með fjölgun myndi fækka liðum í 1. deild kvenna og þar með myndu þeir ekki setja fram B-lið í 1. deild kvenna. Meiri hluti á móti og þingskjalið er því fellt.

#### **ÞINGSKJAL 10. - Fjölgun leikja í óbreyttri 8-liða deild kvenna**

- 28 leikir, 8 lið í fjórfaldri umferð og ekki skipt í A- og B-riðli.
- Samþykkt einhljóða með öllum greiddum atkvæðum, enginn á móti.
- Þingforseti gefur 7 mínútna hlé á þingstörfum.

### **ÞINGSKJAL 16. - Fyrirtækjabíkar kvenna**

- Bryndís Gunnlaugsdóttir leggur til að sama keppnisform verði hjá körlum og konum. Þar sem 28 leikir voru samþykktir áðan í annarri tillögu að þessi keppni yrði sett í tvo 5-liða riðla og þau sem væru efst myndu fara í úrslit og áður en deildin hefst.
- Breytingartillaga 16a hefur bæst við og gengur lengra en 16. Það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og þar með fellur þingskjal 16 um sjálft sig.

### **ÞINGSKJAL 9. - Preföld umferð í efstu deild karla**

- Fellt með öllum greiddum atkvæðum að fara í 3 umferðir.

### **ÞINGSKJAL 15. - Fyrirtækjabíkar karla**

- Fjallar um styrkleikaflokkun og aðkomu liða í 1. deild karla í keppnina.
- Breytingartillaga 15a  
Þorsteinn mælir með tillögunni og leggur til þetta geti orðið markaðsvopn og okkar fjórði toppur á körfuknattleiksárinu.
- Fyrirspurn um hvenær mótið ætti að fara fram. Hugmyndin ætti að vera október-nóvember mót með deildinni. Hugmyndin er að klára þetta áður en Poweradebíkarinn hefst (Bíkarkeppni KKÍ).
- Hjalti spyr um útfærslu á styrkleikariðli 4. Rúnar Birgir útskýrir hvernig þetta virkar. 12 lið ásamt þeim sem féllu úr deildinni árið á undan auk hinna sem fóru í úrslit.
- Samþykkt með áorðnum breytingum með öllum atkvæðum. 15 féll því um sjálft sig.

### **ÞINGSKJAL 7. - Bíkarkeppni karla og kvenna - Laugardalshöll**

- Heimild stjórnar til að skoða aðra leikstaði en Laugardalshöll í keppni karla og kvenna sé þess þörf hverju sinni. Lagt til að þetta verði samþykkt. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **ÞINGSKJAL 5. - Gildistöku félagaskipta**

- Að engir leikmenn utan Evrópu megi koma inn eftir 6. febrúar og fá leikheimild.
- Pétur Hrafn fer í gegnum söguna og hver ástæðan sé fyrir þessu. Fyrst voru ameríkanar eins og íslenskir leikmenn. Ef þeir meiddust eða vildu fara heim gátu þeir það og ekkert hægt að fá annan leikmann í staðinn. Þeir áttuðu sig svo á því að menn sáu hversu mikilvægir þeir voru og gátu þannig sett fram nýjar kröfur á miðju tímabili. Leikmenn gátu þá haft lið í heljargreypum eftir þennan tíma og komist upp með að neita spila gegn meiri tekjum sem dæmi.
- Þorsteinn ekki sammála Pétri og telur þetta vera gamaldags. Gulrótin fyrir þessa leikmenn eru frammistaðan í úrslitum og tekjumöguleikar þeirra ráðast af frammistöðu þeirra t.d. bónusar og þegar kemur að því að semja næsta ár. Afbrigðilegt að um einn leikmann í liðinu gildi annað en fyrir hina.
- Þingtillagan er felld og ekki samþykkt með meirihluta atkvæða.

### **ÞINGSKJAL 3. - Fjöldi erlendra leikmanna (3+2)**

- 3a - Refsings stæðist ekki reglur eftir umræður í nefnd og því breytingartillaga 3a lögð til til að leiðrétta það. Tæknivilla á þjálfara liðs ef of margir leikmenn væru inn á í einu.
- 3b - Tillaga frá ÍR að þetta fari til millipingnefndar í undirbúning og verði rætt á næsta þingi eftir 2 ár.
- Nefndin ákvað ekki að samþykkja eða vísa frá heldur ræða þetta og leggja fyrir þingið.
- Byrjað á að fjalla um þingskjal 3b þar sem lagt til er að millipinganefnd myndi fara í að skoða þetta mál og komi með fastmótaðar tillögur á næsta þing eða formannafund.
- Gunnar Þór tillagsmaður tillögunar vill að menn hugi að félögum úti á landi og að félög úti á landi geti starfað við sama borð og aðrir og að þeir verði ekki að annarsflokks félagi. Finnst slæmt að þingið ákveði að félög innan KKÍ geti ekki starfað og setið við sama borð og önnur félög. Gunnar vil að þetta verði bara samþykkt að vel athugaðu máli og með betri undirbúningi.
- Guðjón Þorsteinsson minnir á þá erlendu leikmenn sem búa hér á landi og verða útilokaðir frá keppni, sé þetta samþykkt, en þeir hafa gleymst í umræðunni. Fjallar um framkvæmd á þessu ef t.d leikmenn íslenskir lenda í villuvandræðum að hvað á að gera ef erlendir leikmenn verða einir eftir á bekknum.
- Magnús frá Haukum er sammála því að rísa undir nafni að vera þingmenn. Vill bæta við breytingartillögu um að þeir sem hafa búið hér á landi í meira en 5 ár verði undanskyldir.
- Helgi frá KFÍ segir að kannski væri betra að miða við atvinnuleyfi, að þeir sem ekki væru með það útgefið sem íþróttamenn væru undanþegnir.
- Halldór minnir á í sambandi við það að t.d skólafólk eða þeir sem búa með foreldrum sínum.
- Bryndís fjallar um að evrópumenn þurfa ekki atvinnuleyfi. Allir þurfa að senda inn leikmannalista KKÍ að hausti. Þá væri hægt að fylgjast með.

Halldór ber þetta undir atkvæðagreiðslu skjal 3b og er hún felld með þorra greiddra atkvæða.

### **Þingskjal 3 - Breyting á reglugerð um erlenda leikmenn**

- Tillagan eins og hún liggur fyrir þinginu með þessari litlu breytingu á refsingunni sem er að að refsing fyrir að vera með of marga erlenda leikmenn inná vellinum verði á þjálfarann en ekki leikmanninn (orðalagsbreyting á þessu skjali)  
3a var það í upphafi en Halldór lét það vera 3 áfram.
- Halldór tekur hlé frá þingstörfum, biður varaforsetan að taka við og kveður sér til hljóðs. Telur upp punkta og að þetta stjórnist af því hvað hentar

hverjum og einum hverju sinni og að hver sé sinnar gæfu smiður. Efast um að þetta sé löglegt þar fyrir utan.

- Magnús minnst á að þetta sé löglegt í Noregi, 3+2 reglan og hefur farið fyrir dóm þar. Magnús kemur fram með breytingartillögu, viðbót við 4. grein  
“Einstaklingur sem hefur átt lögheimili í 5 ár við upphaf leiktímabils telst sem íslenskur ríkisborgari gagnvart þessari reglu.”
- Jón Ben er alfarið á móti og telur vera búið að fella svipaða tillögu rétt áðan og að þetta sé orðið hnoð.
- Bryndís útskýrir lög og reglur UTL og að erlendir leikmenn sem fara af landi brott yfir sumartímann eru ekki með samfleytt atvinnu- og dvalarleyfi svo það væri skýrt tekið fram og þar af leiðandi ekki lögheimili á Íslandi. Dæmi Justin Shouse myndi ekki falla undir þetta þó hann væri búin að vera í nokkur ár samfleytt sem leikmaður að þá fer hann heim á sumrin og þar af leiðandi ekki samfelld. Þetta myndi bara snerta evrópubúa sem þurfa ekki atvinnuleyfi, þetta snertir pólvörja, svía, dani og aðra sem þurfa ekki atvinnuleyfi. Hefur ekki áhrif á kana sem eru yfir vetrartímann.
- Guðmundur frá Breiðablik sama sinnis og Jón Ben, þetta er skýr regla og óþarfi að flækja hana frekar og ekki leggjandi á aðra eftirlitsaðila eða skrifstofu KKÍ.
- Halldór talar um að norðmenn hafi haft þetta öfugt sem var tveir norðmenn og þrír útlendingar en þeir hafa aflagt þetta kerfi nú þegar.
- Búið er að draga þetta til baka og sett fram aftur af Bryndísi sem telur að ef reglan verður samþykkt, þá sé þetta betra með þessa breytingartillögu inni í reglunni.
- Pétur Hrafn lætur kjósa bara um breytingartillöguna fyrst hvort að hún bætist við skjalið og hún er felld.

Síðan verður greitt um skjalið og tillöguna sjálfa til að einfalda atkvæðagreiðsluna svo ekki þurfi að gera það aftur.

Þá verður kosið um hana eins og hún stendur og verður það leynileg atkvæðagreiðsla þar sem þess var óskað og skv. reglum verður því orðið við því.

Fellur á jöfnu með 34 atkvæðum með og 34 á móti, 3 voru auð.

#### **ÞINGSKJAL 4. - Fjöldi erlendra leikmanna (3+2) - ef 3 ekki samþykkt að leyfa 2 erlenda leikmenn utan Evrópu.**

ath samhengi við á undan.

- Tillagan mælir til að leyfilegt sé að hafa 2 kana inni á leikvelli á sama tíma.
- Pétur Hrafn kemur með breytingartillögu. Telur þetta ekki heppilegt í neðri deildum. Leggur til að í 1. deild karla og kvenna og í 2. deild karla. Ástæðan er sú að getumunur getur skipt mjög miklu þar sem tveir kanar geta haft gríðarlega áhrif.

Bæta við í “Úrvalsdeild karla og kvenna”.

- Breytingartillaga 4a frá Pétri.
- Kosið um hvort þetta eigi að fara inn í tillöguna og mismuna deildunum. Það er fellt með fleiri atkvæðum greiddum. Breytingartillaga felld.

Pingskjal 4 samþykkt óbreytt frá alsherjarnefnd. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### ***Aga- og úrskurðanefnd KKÍ til tveggja ára:***

Þeir eru Ingimar Ingason, formaður og varaformenn Björgvin Björnsson og Þórólfur Þorsteinsson. Að auki skipuð þeim Ágústi Jóhannessyni, Kristni G. Kristinssyni og Árna Helgasyni. Samþykkt einróma.

#### ***Áfrýjunardómstóll KKÍ til tveggja ára:***

Halldór Halldórsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir. Til vara Einar Hugi Bjarnason, María Káradóttir og Nökkvi Már Jónsson.

#### ***Kosning tveggja endurskoðenda:***

Guðmundur Sigurbergsson og Gísli Friðjónsson, samþykkt með lófaklappi.

#### ***Kosning fulltrúa á Íþróttabing:***

Vísað til stjórnar fyrir næsta ár, engar tillögur um fulltrúa að sinni. ÍSí þinginu er lokið í ár.

Stutt hlé meðan beðið er eftir niðurstöðu kosninganna.

#### ***Úrslit kosninga:***

Þóra Melsted kynnir útkomu kosningana. Atkvæði voru talin þrisvar en atkvæðin voru 89, þrír voru auðir, 43 sögðu já og 43 sögðu nei sem þýðir að tillagan fellur á jöfnu. Meirihluta atkvæða þarf til að tillögur séu samþykktar.

#### ***Önnur mál:***

Steinar Davíðsson kveður sér til hljóðs. Steinar kom með hugmynd um beinar útsendingar á netinu og tilkynnir hugmyndavinnu um að koma félögum saman um einn sameiginlegan vettvang og gæti verið góð fjáröflun í leiðinni. Óskar eftir því að KKÍ setji þetta í nefnd og skoði lausnir.

Guðjón Þorsteinsson hvetur alla til að nýta happdrættið í fjáröflun.

Þóra Melsted kveður KKÍ í bili og þakkar fyrir sig og samvinnuna á undanförunum árum.

**Pingslit:**

Þingforseti þakkaði nefndarformönnum og þingfulltrúum góð störf. Þakkar öllum fyrir komuna og býður gestum í heimsókn í Sjávarleður í veitingar og skoðun á starfsemi þess.

Hannes S. Jónsson slítur þingi með ræðu, telur þetta gott þing og árangursríkt þar sem eðliega er tekist á um efni og góðar ákvarðanir teknar. Þakkar þeim sem voru í stjórnarkjöri og telur ánægjulegt að fleiri sóttu um en fengu sæti í stjórn. Óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og þakkar Þóru Melsted fyrir sín störf í þágu hreyfingarinnar.

Hannes þakkar þingforseta og varaþingforseta fyrir vel unnin stjórn og minnir alla á að að félögin eru KKÍ og til sambandsins er alltaf hægt að leyta með hvaða málefni sem er sem snúa að körfuboltanum í landinu.

Þar með er 49. körfuknattleikspingi slitið í Skagafirði 7. maí 2011.

---

Kristinn Geir Pálsson · Þingritari

---

Pétur Hrafn · Vara þingsforseti